

Samningur Sjúkratrygginga og notanda

vegna tengingar við upplýsingakerfi

Sjúkratrygginga Íslands (SÍ)

1. Efni samnings

1.1. Sjúkratryggingar Íslands, kt. 480408-0550 (hér eftir SÍ), hafa veitt nafn kt. / nafn fyrirtækis kt. (hér eftir notandi), aðgang að upplýsingakerfi SÍ. Með samningi þessum heimilar SÍ notanda að framkvæma fyrirspurnir í gagnagrunn kerfisins að uppfylltum þeim skilyrðum er greinir í samningi þessum.

2. Heimild til fyrirspurna

Fylla skal út þá reiti er við eiga:

2.1. Aðgangur lyfjabúða

Starfsmönnum notanda er heimilt að gera fyrirspurn í gagnagrunninn um réttindastöðu vegna lyfjakostnaðar. Heimild þessi gildir aðeins ef viðskiptavinur notanda hefur óskað afgreiðslu á tilteknum lyfseðli sem hefur verið afhentur notanda eða er aðgengilegur gegnum lyfseðlagátt.

2.2. Aðgangur heilbrigðisstarfsmanna

Starfsmönnum notanda er heimilt að gera fyrirspurn í gagnagrunninn um réttindastöðu vegna lækniþjónustu. Heimild þessi gildir aðeins ef viðskiptavinur notanda hefur óskað eftir þjónustu notanda.

2.3. Aðgangur söluaðila næringarefna og einnota vara

Starfsmönnum notanda er heimilt að gera fyrirspurn í gagnagrunninn um greiðsluþátttöku vegna kaupa á næringarefnum eða einnota vörum. Heimild þessi gildir aðeins að viðskiptavinur notanda hefur óskað afgreiðslu á tilteknum næringarefnum eða einnota vörum.

2.4. Aðgangur þjálfunaraðila

Starfsmönnum notanda er heimilt að gera fyrirspurn í gagnagrunninn um greiðslustöðu vegna þjálfunar. Heimild þessi gildir aðeins ef viðskiptavinur notanda hefur komið til viðkomandi í þjálfun.

2.5. Aðgangur söluaðila hjálpartækja

Starfsmönnum notanda er heimilt að gera fyrirspurn í gagnagrunninn um greiðsluþátttöku vegna kaupa á hjálpartækjum. Heimild þessi gildir aðeins ef viðskiptavinur notanda hefur óskað afgreiðslu á tilteknum hjálpartækjum.

2.6. Ef skilyrði 2.1. – 2.5. liðar eru uppfyllt munu SÍ veita notanda aðgang að rafrænum upplýsingum eftir því sem við á og heimilt er, þ.e. um réttindastöðu viðskiptavinar hvað varðar greiðsluþátttöku vegna lyfjakostnaðar, kostnaðar vegna lækniþjónustu, stöðu meðferða í þjálfun eða réttindi til úttektar á næringarefnum og einnota vörum.

3. Skyldur notanda varðandi notkun og öryggi

3.1. Notanda er ljóst að fyrirspurn í gagnagrunninn kann að fela í sér vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga í skilningi 4. tl. 3. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Notandi skal gæta fyllsta öryggis við vinnslu umræddra upplýsinga, í samræmi við ákvæði II. kafla laga nr. 90/2018. Öll vinnsla upplýsinga er eiga uppruna í upplýsingakerfi SÍ skal ávallt vera í samræmi við heimild í samningi þessum og öryggisreglur SÍ sem byggðar eru á staðlinum ÍST ISO 27001 og ákvæðum IV. kafla laga nr. 90/2018 um öryggi persónuupplýsinga. Sér í lagi mun notandi gæta þess að framfylgja þeim fyrirmælum er fram koma í lið 3.3.

3.2. Notandi skal viðhafa sérstaka aðgát hvað varðar raunlægt öryggi tengdu húsnæði því þar sem útstöðvar tölvubúnaðar eru varðveittar. Þess skal gætt að óviðkomandi aðilar hafi ekki aðgang að húsnæðinu.

- 3.3. Notandi skal viðhafa ráðstafanir varðandi vírusvarnir þannig að tryggt sé að óviðkomandi aðilar geti ekki nálgast gögn frá SÍ með því að nota tölvubúnað notanda eða tölvubúnað er hann hefur aðgang að með samningum við aðra.
- 3.4. Þegar notandi heimilar starfsmönnum aðgang að upplýsingum á grundvelli samnings þessa skal hann láta þeim í té notendanafn og persónulegt aðgangsorð. Notandi skal áréttta við hvern einstakan starfsmann að aðgangur að gögnunum sé veittur með heimild í sérstökum samningi, brýna fyrir honum trúnaðarskyldu, að láta ekki öðrum í té aðgangsorð og að honum beri að varðveita það með tryggilegum hætti. Notandi skal gera starfsmanni grein fyrir afleiðingum og viðurlögum er brot gegn trúnaðarskyldu kann að hafa í för með sér.
- 3.5. Notandi skal viðhafa sérstaka aðgát við að miðla upplýsingum úr gagnagrunninum til viðskiptamanns.
- 3.6. Notandi skal ekki vista á tölvubúnaði sínum, eða öðrum búnaði er hann hefur aðgang að, upplýsingum er hann fær með heimild í þessum samningi.
- 3.7. Notandi skal viðhafa stýringar sem tryggja rekjanleika aðgerða í upplýsingakerfi SÍ.

4. Framkvæmd samnings

- 4.1. Aðilar skulu hvor um sig tilnefna tengilið sem skal annast samskipti við gagnaðila samningsins um málefni sem hann varða.

Tengiliður af hálfu SÍ: Sigurbjörg Steingrimsdóttir laeknareikningar@sjukra.is

Tengiliður af hálfu notanda:

- 4.2. Notandi skuldbindur sig til að hlíta í hvívetna fyrirmælum SÍ um atriði er varða öryggi gagna er notandi hefur aðgang að á grundvelli samnings þessa. Slík fyrirmæli geta m.a. varðað einstök atriði við framkvæmd vinnslu eða öryggisráðstafanir er notanda ber að hlíta.
- 4.3. SÍ munu vinna að því að tryggja áreiðanleika upplýsinga, en tekur enga ábyrgð ef upplýsingar úr grunninum reynast ekki réttar eða eru ófullkomnar að einhverju leyti.

5. Trúnaður

- 5.1. Notandi og starfsmenn hans eru bundnir trúnaði um allar upplýsingar er þeir hafa aðgang að á grundvelli samnings þess. Þagnarskylda þessi helst eftir að samningstíma lýkur eða honum hefur verið sagt upp.
- 5.2. Í trúnaðarskyldu felst að notanda eða starfsmönnum hans er óheimilt að nýta upplýsingar um viðskiptamann í neinum öðrum tilgangi en í þágu viðskiptamanns. Óheimilt er með öllu að nýta upplýsingar í þágu starfsmanns, notanda eða annarra, utan viðskiptamanns.

6. Viðurlög

- 6.1. Brjóti notandi gegn skilmálum samnings þessa að mati SÍ er SÍ heimilt að rifta samningi þessum án sérstaks fyrirvara.

7. Lok samnings

- 7.1. Hægt er að segja upp samningi þessum með 30 daga fyrirvara.

Staður og dags.

Staður og dags.

f.h. Sjúkratrygginga Íslands

f.h. notanda